



# Stjórnarfundur FKA #12

**Starfsár:** 2025-2026

**Staður:** Borgartún 35

**Dagsetning:** 6.5.2026

**Tími:** 12.00 – 13.30

**Mættar:** Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Rósa Viggósdóttir (RV), Þórey Hafliðadóttir (PH), Margrét Hannesdóttir (MH), Þuríður Aradóttir Braun (ÞAB), Jasmina Vajzovic (JV), Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

## Forföll:

### 1 – Skýrsla framkvæmdastjóra, fjárhagur, styrktaraðilar, ársreikningur, liðnir viðburðir o.fl. (AR)

AR fer yfir stöðu fjármála. Umræða um hvernig tekjur félagsins koma inn en það er rekið af félagsgjöldum og styrkjum en mikilvægt er að fjármagnið sé nýtt markvisst til að efla og styrkja starfsemi þess ásamt því að reka það. Tekjur sem koma af félagsgjöldum þurfa að standa undir nauðsynlegri starfsemi sbr. rekstur skrifstofu.

Umræða um mikilvægi þess að fjölga félagskonum og nýta samfélagsmiðla til kynningar. Tillaga um að leggja áherslu á það næsta starfsvetur.

Farið var yfir fyrirkomulag aðalfundar sem verður með styttra og hnitmiðaðra sniði, um klukkustund að lengd. Konur þurfa að vera skuldlausar við félagið þann 12. maí vilji þær sækja aðalfund. Upplýsingar þess efnis hafa verið sendar í fjölpósti, birtar í lokuðum Facebook-hópi og á fka.is.

Kjörstjórn fundar nk. föstudag. Umræða á sér stað um mikilvægi hennar. Nokkrar umsóknir hafa borist í stjórn og nefndir og núverandi stjórn er hvött til að hvetja fleiri konur til framboðs. Farið er yfir innsendar umsóknir og fyrirhugaðan vinnufund allra stjórnna í ágúst. Einnig var rætt um að hlutverk nefnda verði skýrari og að reglur nefnda séu aðgengilegar á fka.is.

### 2 – Staðan á Jafnvægisvogarráði (RV)

RV segir frá yfirstandandi uppfærslu á heildarásýnd og útliti Jafnvægisvogarinnar, vörumerki, markaðsefni o.fl. Unnið er að því að bæta við nýjum þátttakendum í verkefninu á LinkedIn og Facebook, meðal annars Heimilistækjakeðjunni og Berjaya. Einnig voru ræddir fyrirhugaðir fundir með áhugasömum samstarfsaðilum sem taka vel í samstarf og stuðning við verkefnið. Að auki er ætlunin að skoða viðburði, erindi og samstörf af ýmsum toga sem kynnt verða á seinni stigum.

Lögð er áhersla á að skýra betur framsetningu og virði verkefnisins gagnvart þátttakendum og samstarfsaðilum.

Jafnvægisvöginni hefur verið útvegaður „bás“ á Mannauðsdeginum en skipulag, þema og áherslur eru í vinnslu.

Undirsíða verkefnisins er rædd og hugmyndir settar fram um hvernig vekja mætti meiri athygli á henni.

### 3 – Ferðin út til NY (JC)

JC kynnir skýrslu um ferðina, skipulag fundarins og þær áherslur sem voru til umræðu. Farið er yfir mikilvægi þátttöku íslensku sendinefndarinnar og þau tengsl sem mynduðust á viðburðinum, bæði fyrir einstaklinga og félagið í heild.

Mikil fræðsla fór fram frá morgni til kvölds og ræddi JC mikilvægi þess að halda betur utan um íslenska hópinn, bæði fyrir og meðan á viðburðinum stendur. Þó að dómsmálaráðuneytið beri ábyrgð á skipulagningu hópsins voru talin tækifæri fyrir FKA til að taka meira frumkvæði að tengslamyndun og samheldni innan sendinefndarinnar. Einnig var rætt að fulltrúar félagsins þurfi að vera virkir í tengslamyndun, miðlun þekkingar og vali á þeim málstofum og heimsóknum sem nýtast best.

Hugmynd kom fram um að Alþjóðanefnd tæki að sér utanumhald og þátttöku í viðburðinum framvegis. Rætt var um mikilvægi fræðslu sem tengist Norðurlöndunum og sérstöðu Íslands í því samhengi, sem og mikilvægi tengsla við íslenska stjórnsýslu. ISS óskaði jafnframt eftir hagnýtum upplýsingum í skýrslunni, meðal annars varðandi hótél og skipulag. JC mun senda frekari upplýsingar um fund í Hannesarholti þann 20. maí og efni sem þar verður til umræðu.

### 4 – Framfylgni laga og umræða; kjörstjórn, kerfi, ráð og aðalfundur, staður og streymi (ISS og GHJ)

Undirbúningur fyrir aðalfund stendur yfir af fullum krafti. Fundur með kjörstjórn verður haldinn á föstudag eins og áður hefur komið fram og jafnframt hefur verið fundað með Orra í Kaktus vegna skipulags og framkvæmdar. GHJ tekur að sér utanumhald um kosningakerfi og app tengt fundinum og kosningu.

Rætt var að enn væri eftir að útfæra ýmis atriði tengd framkvæmd aðalfundarins, skýra verkaskiptingu og úthluta ábyrgðarhlutverkum. Einnig kom fram tillaga um að auglýsa sérstaklega eftir konum til þátttöku í kjörstjórn aðalfundar þegar skipulag fyrir komandi aðalfund er að hefjast, í stað þess að gera í aðdraganda komandi aðalfundar. Með því móti eru konur að gefa kost á sér í starf sem er framundan í stað þess að vera í raun að bjóða sig í kjörstjórn fundar sem verður eftir ár.

Farið var yfir lög FKA og rætt um mikilvægi þess að dreifa álagi betur innan félagsins. Þá var einnig rætt hvort þörf væri á að fá utanaðkomandi aðstoð í tengslum við fjármálaráð eða önnur verkefni félagsins. Með þeirri sjálfvirkni sem núna er til staðar eftir breytingar á heimasíðu telur AR að þörfin fyrir aðstoð við fjármál hafi minnkað til muna.

### 5 – Önnur mál

#### The Reykjavík Global Forum (AR)

AR kynnir hugmyndir um áframhaldandi samstarf milli The Reykjavík Global Forum og FKA vegna Heimsþings kvenleiðtoga sem fram fer 15 - 17. nóvember 2026. Rætt er um mögulegt óformlegt samstarf þar sem formanni og framkvæmdastjóri FKA yrði boðið til þátttöku árlega, auk þess sem félagskonum gæfist kostur á að taka þátt og leggja þinginu lið meðan á viðburðinum stendur.

Fram kom að slíkt samstarf gæti skapað aukin tengsl, sýnileika og tækifæri fyrir félagskonur, auk þess að styrkja samstarf milli FKA og alþjóðlegra leiðtoganeta. Hugmyndin verður þróuð áfram og útfærð nánar.



### **FKA Austurland**

Stjórn barst erindi dagsett 29. apríl sl. frá FKA Austurlandi, Maríu Ósk Kristmundsdóttur. Óskað er eftir liðsinni frá aðalstjórn vegna viðburðar á Reyðarfirði þann 19. júní nk. í tengslum við styrk frá Alcoa að upphæð 10.000 USD til starfs félagsins á svæðinu.

Óskað er eftir að fulltrúi úr stjórn og/eða framkvæmdastjóri FKA taki þátt í árlegu kvennakaffi Alcoa með valdeflandi erindi sem jafnframt kynni starfsemi FKA.

Viðburðurinn er hluti af aukinni og metnaðarfullri dagskrá FKA Austurlands næsta starfsár fyrir félagskonur og konur hjá Alcoa á svæðinu.

***Stjórn samþykkir samhljóða þessa tillögu og mun formaður heimsækja konur á Austurlandi. Mikilvægt er þó að ný stjórn FKA á Austurlandi beri ábyrgð á viðburðum og fylgi verkefninu eftir. Aðalstjórn mun óska eftir starfsáætlun starfsársins og fylgjast með hvernig styrkurinn er nýttur í samvinnu við stjórn Austurlandsdeildar.***

Fundi slitið 13.30.

Fundinn ritar Rósa Viggósdóttir ritari.